

## Gjöld :

1. Greiddur styrkur til 13 ekkna. Fskj. 2—6 .....	kr.	6 500.00
2. Eign í árslok:		
a. Verðtryggð spariskirteini 1969 1. fl. I nr. B 01002—B 01007 .....	kr.	60 000.00
b. Vextir af sömu skirteinum frá 20/2. 1970 til 20/2. 1972 .....	—	6 150.00
c. Verðtryggð spariskirteini 1. fl. 1972 nr. C 00016 og 17, keypt 1972. Fskj. 7 .....	—	100 000.00
d. Innstæða í sparisjóðsbók nr. 21871 í Landsb. ..	—	7 073.80
		<hr/>
		— 173 223.80
		<hr/>
	Samtals kr.	179 723.80

Tollstjórinn í Reykjavík, 31. desember 1972.

**Torfi Hjartarson.**

Nr. 364.

## AUGLÝSING

## um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 31. desember 1972 og innheimta á árinu 1973 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- Með 140% viðauka leyfisbréfangjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekju-lögum nr. 104/1965.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en brot úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1972.*

**F. h. r.**

**Jón Sigurðsson.**

*Kristján Thorlacius.*